



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasimi: 551 9165
postur@hbr.stjr.is
heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 27. janúar 2010
Tilv.: HBR10010115/20.01

Efni: Stefnumót við "Þriðja geirann" - ráðstefna.

Ágætu forsvarmenn frjálsra félagasamtaka

Það eru mikilvægir tímar framundan fyrir íslenskt samfélag. Tímar þar sem allir þurfa að standa saman og vinna að sama marki sem er að verja grunnþjónustuna í velferðarkerfi okkar á tímum niðurskurðar og snúa vörn í sókn fyrir bættum lífsgæðum og heilsu. Frjáls félagsamtök eða þriðji geirinn er mikilvægur hluti af samfélagini, undirstaða sem byggir upp og hlúir að félagsauði. Þau veita óeigingjarna og mikilvæga þjónustu til landsmanna og á sama tíma gefa þau fólk i tækifæri til þess að sameinast um málefni og hafa áhrif. Alþjóðlegar stofnanir og samtök hafa um langt skeið átt samráð og samstarf við þriðja geirann með góðri raun. Slíkt vinnulag er hluti af opnu lýðræði og hæfir vel á tímum gagnsæis og opinna stjórnsýslu.

Nú á fertugasta starfsári heilbrigðisráðuneytisins hef ég ákveðið að boða til 'stefnumóts' við þriðja geirann. Slíkt stefnumót viljum við festa í sessi sem árvissan viðburð þar sem ráðherra og starfsmenn ráðuneytisins hitta fulltrúa félagasamtaka. Stefnumótið er hugsað sem samráðsvettvangur þar sem tækifæri gefst til þess að skiptast á skoðunum og varpa fram hugmyndum. Í ár höfum við hugsað okkur að grunnþjónusta og lífsgæði yrðu meginþema og umræðuefnið.

Áður en til stefnumótsins kemur vil ég bjóða ykkur að senda spurningar og/eða tillögur til ráðuneytisins á netfangið stefnumot@hbr.stjr.is sem svarað yrði og unnið með á samráðsfundinum. Hvað brennur mest á félagsmönnum og skjólstæðingum ykkar á þessum tímum? Hugsið til þess þegar þið setjið saman spurningarnar og tillögur hvað við getum gert hvert fyrir annað og hvernig ráðuneyti heilbrigðismála og stofnanir þess annars vegar og félagasamtök sem þið eruð í forsvari fyrir hins vegar, geta unnið markvisst saman. Vinsamlegast sendið inn erindi ykkar í síðasta lagi **26. febrúar 2010.**

Það er því von míni að einn til þrír fulltrúar þinna félagasamtaka sjái sér fært að koma til stefnumótsins á **Grand Hótel, Sigtúni 38, miðvikudaginn 24. mars nk. kl. 13:30-16.**

Bréf þetta er sent 95 félagasamtökum sem sinna verkefnum sem falla að starfssviði heilbrigðisráðuneytisins.

Alfheiðar Ingadóttir.
Álfheiður Ingadóttir